



Stúdentafélag

Háskólans í Reykjavík

Ársskýrsla SFHR skólaárið 2024-2025

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík | The Student Association of Reykjavík University
Háskólinn í Reykjavík | Reykjavik University

Menntavegur 1, 101 Reykjavík

www.sfhr.is

studentafelag@ru.is

kt. 540305-0800

Efnisyfirlit

<i>Inngangur</i>	5
<i>Hlutverk SFHR</i>	5
<i>Stjórn félagsins 2024-2025</i>	7
<i>Fulltrúaráð SFHR 2024-2025</i>	8
<i>Utanaðkomandi ráð og stjórnir</i>	9
Framkvæmdastjórn HR	9
Háskólaráð	9
Námsráð	9
Byggingafélag námsmanna (BN)	9
Landsamtök íslenskra stúdenta (LÍS)	9
<i>Nefndir</i>	10
Undirnefndir	10
<i>Viðburðir SFHR</i>	11
Hádegisviðburðir og Alþjóðadagar	11
Nýnemadagur HR 16. ágúst	12
Nýnemadjamm 16. ágúst	12
HR vs. HÍ á Októberfest 6. september	13
Ólympíuleikar 16.-20. september	13
Bleiki dagurinn 23. október	14
Jólapeysudagur 9. desember	15
Back to School 24. janúar	15
HR Musical	16
Kosningarvika	17
<i>Aðrar upptækur</i>	18
Landsþing LÍS	18
Októberfest	19
Aprés-ski	19
Sjallaball	19
<i>Samstarfsaðilar SFHR</i>	19
CCEP	19

NOVA.....	19
Dominos	19
Orkusalan.....	20
Viska stéttarfélag	20
Mjölhnir.....	20
Nick ´s.....	20
IcePharma (Natracare)	20
Red Bull.....	20
Auto Nightclub	20
Nespresso	20
<i>Samskiptamál.....</i>	<i>21</i>
Instagram	21
Facebook	21
TikTok	21
Heimasíða.....	21
Tölvupóstur	21
Bæklingar	22
<i>Kosningar og kjörstjórn</i>	<i>22</i>
Niðurstöður	22

Inngangur

Ný stjórn Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík var kosin í maí 2024 og tóku þá formlega við félaginu. Stjórnarmeðlimir voru; Magnús Már Gunnlaugsson forseti, Kara Kristín Blöndal varaforseti, Aron Kristinn Ágústsson fjármálastjóri, Rakel Sigmarsdóttir hagsmunafulltrúi, Ebba Kristín Yngvadóttir samskiptafulltrúi, María Líf markaðsfulltrúi og Ástþór Ingi Runólfsson nefndarfulltrúi.

Stjórnin bauð sig fram saman í hóp en kosningarnar fóru fram sem einstaklingskosningar. Þessi ársskýrsla gerir grein fyrir helstu störfum félagsins á starfsárinu en þó var ýmsum öðrum verkefnum sinnt sem ekki eru talin hér upp.

Ég vil þakka öllum þeim sem kusu og treystu okkur fyrir þessu mikilvæga starfi, á sama tíma óska ég nemendum velgengni í komandi starfi og námi. Einnig vil ég þakka öllum meðlimum stjórnar SFHR fyrir frábært starf í þágu nemenda HR, öll stóðu þau sig einstaklega vel í hagsmunabaráttu sem og að bæta félagslífið.

Magnús Már Gunnlaugsson
Forseti SFHR 2024-2025

Hlutverk SFHR

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík, SFHR, er hagsmunafélag stúdenta við Háskólann í Reykjavík. SFHR ber að standa vörð um hagsmuni félagsmanna sinna, stuðla að akademískri umræðu meðal félagsmanna og auka samheldni milli deilda. Öll sem stunda nám við Háskólann í Reykjavík eru meðlimir í félaginu og eru engin félagsgjöld. Stjórnarmeðlimir SFHR eru tengiliðir milli nemenda og stjórnenda skólans þar sem unnið er náð saman að uppbyggingu gæðamála í kennslu, aðstöðu nemenda og fleira. Fulltrúi SFHR situr í flestum ráðum og stjórnnum skólans og er þar með rödd stúdenta.

Stjórn Stúdentafélagsins er skipuð sjö stúdentum úr grunn- eða framhaldsnámi við Háskólann í Reykjavík. Forseti stjórnar fundum og kemur fram fyrir hönd Stúdentafélagsins bæði innan skóla og utan auk þess að hafa yfirumsjón með starfsemi á vegum félagsins og ber hann endanlega ábyrgð á málefnum þess. Forseti situr í framkvæmdastjórn Háskólans í Reykjavík og situr einnig fundi Háskólaráðs. Varaforseti ritar fundargerðir stjórnarfunda, er formaður alþjóðanefndar SFHR og tengiliður stjórnar við erlenda nemendur innan skólans auk Alþjóðaskrifstofu skólans. Fjármálastjóri hefur umsjón með fjárráðum SFHR og útbýr fjárhagsáætlun félagsins. Hagsmunafulltrúi vinnur að hagsmunamálum nemenda og gæðamálum náms. Einnig vinnur hann með hagsmunafulltrúum nemendafélaganna, hefur umsjón með fyrirspurnum nemenda um Menntasjóðinn og ber ábyrgð að uppfylla skyldur samkvæmt þjónustusamningi sem er gerður við Menntasjóðinn hvert ár. Hagsmunafulltrúi ber ábyrgð á endurskoðun laga Stúdentafélagsins. Samskiptafulltrúi ber ábyrgð á öllum samfélagsmiðlum og öllu útgefnu efni félagsins. Hann vinnur náð með nemendafélögum

skólans til þess að tryggja gott upplýsingaflæði og svo að hægt sé að upplýsa nemendur sem best hverju sinni. Markaðsfulltrúi sér til þess að samningum og samstörfum við önnur fyrirtæki sé fylgt eftir, bæði af hálfu SFHR og fyrirtækjanna. Markaðsfulltrúi hefur auk þess umsjón með framleiðslu nemendaskírteina í byrjun skólaárs og vinnur í nánú sambandi með gjaldkera varðandi skipulag og til að halda öllu vel upplýstu. Nefndarfulltrúi hefur það hlutverk að hafa yfirumsjón yfir þeim undirnefndum sem starfa innan SFHR hverju sinni og sjá til þess að þær séu virkar í starfi og starfi undir gildum SFHR.

Nemendafélög Háskólans í Reykjavík eru sjö. Formaður hvers félags situr í framkvæmdarstjórn SFHR og er þannig tryggt samvinnu nemenda allra deilda og að nemendafélögin hafa áhrif á viðburði og ákvarðanir SFHR.

SFHR er með skrifstofu í húsnæði Háskólans í Reykjavík í stofu M205. Stúdentafélagið heldur úti heimasíðunni www.sfhr.is, er með Instagram síðu undur nafninu Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík og er einnig með netfang, studentafelag@ru.is, þar sem öllum fyrirspurnum er svarað. Nemendur eru eindregið hvattir til þess að senda hvers kyns ábendingar eða spurningar á SFHR en alltaf er reynt að svara eftir bestu getu.

Stjórn félagsins 2024-2025



Magnús Már Gunnlaugsson

Forseti

Kara Kristín Blöndal Haraldsdóttir

Varaforseti

Aron Kristinn Ágústsson

Fjármálastjóri

Rakel Sigmarsdóttir

Hagsmunafulltrúi

Ebba Kristín Yngvadóttir

Samskiptafulltrúi

María Líf

Markaðsfulltrúi

Ástþór Ingi Runólfsson

Nefndarfulltrúi

Fulltrúaráð SFHR 2024-2025

- Magnús Már Gunnlaugsson, forseti SFHR
- Kara Kristín Blöndal Haraldsdóttir, varforseti SFHR
- Björn Þór, formaður Atlas
- Óskar Freyr Jóhannsson, formaður Lögréttu
- Agnes Helga Gísladóttir, formaður Markaðsráðs
- Særún Björk Jónasdóttir, formaður Pragma
- Tinna María Þorleifsdóttir, formaður Tvíundar
- Grímur Steinn Vilhjálmsson, formaður Mentis
- Jökull Alfreð, formaður Technis

Magnús, forseti SFHR, stjórnaði fundum Fulltrúaráðs SFHR og upplýsti fulltrúa nemendafélagsins um þau málefni sem voru í gangi hverju sinni. Fundir fulltrúaráðs er vettvangur fyrir formenn nemendafélaganna til þess að koma saman og skipuleggja sameiginlega viðburði SFHR og nemendafélaganna. Fyrir utan fundina fór einnig mikið af samskiptum Fulltrúaráðs SFHR fram á Facebook spjalli.

Utanaðkomandi ráð og stjórnir

Framkvæmdastjórn HR

Framkvæmdastjórn HR skipa rektor skólans, framkvæmdastjóri tengsla, deildarforsetar allra deilda skólans, fulltrúi námsráðs, fulltrúi rannsóknarráðs, framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs, framkvæmdastjóri rekstrar, framkvæmdastjóri gæða og mannauðsstjóri skólans. Þá situr forseti SFHR í Framkvæmdastjórn HR sem fulltrúi nemenda. Á borð framkvæmdastjórnar koma öll mikilvægustu málefni sem varða HR og tekur stjórn alltaf lokaákvörðun á öllum stærstu málefnum allra stoðsviða háskólans.

Háskólaráð

Í Háskólaráði HR sitja 10 fulltrúar atvinnulífs, akademíu og stjórnsýslu. Háskólaráð er vettvangur umræðna um stefnumótun háskólans um nám, kennslu og rannsóknir, auk tengsla háskólans og atvinnulífsins. Forseti SFHR, hefur áheyrnasæti í háskólaráði auk allra deildarforseta skólans.

Námsráð

Námsráð gegnir mikilvægu hlutverki í gæðastarfi HR og hefur það hlutverk að fjalla um málefni er tengjast kennslu og námi, bæði í grunn- og framhaldsnámi út frá almennum náms- og námsmatsreglum. Í ráðinu sitja fulltrúar allra deilda ásamt einum fulltrúa nemenda, sem þetta skólaárið var Birgitta Rós Ásgrímsdóttir, Samskiptafulltrúi SFHR. Ráðið heyrir beint undir rektor og situr formaður í framkvæmdastjórn háskólans. Námsráð mótar kennslustefnu HR og fylgist með framþróun hennar. Í því felst m.a. að hvetja til og styðja góða og framsækna kennsluhætti.

Byggingafélag námsmanna (BN)

Byggingafélag námsmanna annast rekstur, útleigu og viðhald stúdentaíbúða í eigu félagsins og er SFHR aðildarfélag að BN. Auk þessa sér BN um útleigu á nýju háskólagörðum HR sem fóru í útleigu haustið 2020. Hin þrjú aðildarfélög BN eru Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Listaháskóli Íslands og Tækniskólinn.

Landsamtök íslenskra stúdenta (LÍS)

SFHR á tvo fulltrúa í fulltrúaráði LÍs, en á starfsárinu sem er að líða voru fulltrúar Stúdentafélagsins þau Magnús og Kara. Varamenn voru þau Rakel og Aron Kristinn. Landssamtök íslenskra stúdenta voru stofnuð í nóvember árið 2013 sem hagsmunasamtök allra íslenskra stúdenta og regnhlífasamtök allra átta hagsmunasamtaka íslenskra háskólanema. Hlutverk samtakanna er að standa vörð um hagsmuni háskólanema hérlandis sem og hagsmuni íslenskra háskólanema á alþjóðavettvangi. Um leið eiga samtökin að skapa samstarfsvettvang fyrir íslensk stúdentafélög, vera þáttakandi í alþjóðlegu hagsmunasamstarfi háskólanema og vinna að samræmingu gæðastarfs í íslenskum háskólum. Samtökin geta í

sameiginlegu umboði allra aðildarfélaga farið með samningsumboð og komið fram fyrir þeirra hönd gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum aðilum. Landsþing LÍS er haldið einu sinni á ári þar koma saman stúdentafulltrúar frá aðildarfélögum LÍS þ.e. allir háskólar landsins sem og fulltrúar frá Sambandi íslenskra námsmanna erlendis.

Í ár var landsþingið haldið 6.-9. apríl á Hvanneyri þar sem SFHR mætti með fjóra fulltrúa en voru með átta atkvæði. Úr stjórn SFHR sátu Aron Kristinn Ágústsson, Ástþór Ingi Runólfsson, María Líf og Rakel Sigmarsdóttir landsþingið.

Heimasíða samtakanna er www.haskolanemar.is og hafa allir stúdentar tækifæri á að sækja um að vera í nefndum.

Nefndir

Undirnefndir

Á síðastliðnu starfsári stúdentafélagsins störfuðu nokkrar undirnefndir með mismunandi virkni og árangri. Sérstaklega ber að hrósa þeim nefndum sem voru áberandi virkar og sinntu verkefnum sínum af krafti. Þar fremst í flokki var Háskólablaðið, sem gaf út glæsilegt blað og hélt skemmtilegt útgáfupartý í Sykursalnum, þar sem Birnir kom fram. Þá stóð Lukka viðburðarnefnd sig sérstaklega vel, skipulagði fjölmarga vel heppnaða viðburði sem efldu félagslífið og styrktu tengsl milli nemenda. Birta, samfélags- og sjálfbærninefndin, lagði einnig sitt af mörkum með því að vekja athygli á sjálfbærni og samfélagslegum málum, auk þess að standa fyrir fataskiptamarkaði í sólinni. Einnig sátu tveir meðlimir Birtu í sjálfbærninefnd HR, þar sem þau leystu þó nokkur sjálfbærnimál tengd skólanum.

Tvær nefndir hafa haft meðlimi innan sinna raða þó virkni þeirra var minni en vænst var. Jafnréttisnefndin og góðgerðarnefndin voru þess eðlis að lítil starfsemi fór fram á árinu, þrátt fyrir að áhugi hafi verið til staðar meðal meðlima þeirra, þar sem einungis tveir meðlimir buðu sig fram í hvora nefndina. Mikilvægt verður að styðja betur við þessar nefndir á næsta starfsári til að nýta mikilvægi og kraft þeirra til fulls.

Að lokum má nefna málfundafélagið sem ekki hafði neina virka meðlimi á síðasta ári og lá því starfsemi þess algjörlega niðri. Stjórn félagsins mun þurfa að taka ákvörðun um framtíð þessarar nefndar og finna leiðir til að endurvekja áhuga á málfundastarfsemi meðal nemenda ef ákveðið verður að halda starfseminni áfram.

Háskólablaðið

Háskólablað HR var gefið út 21. mars 2025. Í ritstjórn Háskólablaðsins sátu sem ritstýra Nadía Mist Sigurjónsdóttir, Ólöf Andradóttir sem fjármálastjóri, María Geirdal sem markaðsstjóri, Karen Yin Guðnadóttir sem auglýsingastjóri og Jóhanna Guðrún Jóhannsdóttir sem listrænn stjórnandi. Blaðið kom rosalega vel út og nemendur skólans sýndu því mikinn áhuga enda stútfullt blað af skemmtilegu og góðu efni. Háskólablaðið er eina málagn nemenda við Háskólann í Reykjavík og því mikilvægt fyrir menningu skólans. Ritstjórnin hélt síðan útgáfupartý á í Sykursalnum þar sem Birnir kom fram, sem heppnaðist vel.

Lukka viðburðarnefnd

Lukka er ný nefnd sem var stofnuð á árinu og stóð hún sig með prýði. Nefndin hélt fjölmarga skemmtilega og nýja viðburði fyrir nemendur HR. Þar á meðal pókerkvöld, hraðstefnumótakvöld og kokteilaskóla. Spannandi verður að sjá hvaða viðburði nefndin heldur á næsta skólaári. Meðlimir nefndarinnar eru Sváfnir Ingi Jónsson, Alvar Davíð Davíðson, Brynjar Karl Hákonarson og Emil Fannar Eiðsson.


Birta samfélags- og sjálfbærninefnd

Þrátt fyrir að sjálfbærninefndin hafi ekki verið áberandi þetta skólaárið, þá hefur mikil vinna verið unnin bakvið tjöldin í samsstarfi við sjálfbærninefnd HR. Sjálfbærninefndin hélt fataskiptamarkað í Sólinni með góðum árangri. Meðlimir Birtu fyrir skólaárið voru Oddur Óli Helgason, Bjarki Dan Andrússon, Hákon Þorbergur Jónsson, Dagur Már Odsson og Hjördís Anna Óskarsdóttir.

Viðburðir SFHR

Við höldum marga viðburði yfir árið, stóra sem smáa. Við höldum í gömlu hefðirnar líkt og árshátíðina og ólympíuvikuna ásamt því að koma með okkar eigin útfærslur og framkvæma nýjar hugmyndir. Við lögðum mikla áherslu á það að taka vel á móti nýnemum og skiptinimum. Mest sóttu viðburðirnir eru enn sem áður þeir stærstu en nýju hugmyndirnar okkur komu þó ótrúlega vel út og var aðsóknin alltaf langt fram yfir vonum og væntingum.

Hádegisviðburðir og Alþjóðadagar



Red bull

Nicks með möns

Orkusalan með popp

Pizzur og pizzur

Þann 5. október kom Redbull fyrir stærðarinnar flutningskassa fyrir utan aðal inngang HR sem fullur var af ísköldum Redbull til þess að vekja nemendur úr skammdegisþunglyndinu.

Nýnemadagur HR 16. ágúst

Við í SFHR stóðum vaktina líkt og síðustu ár með okkar bás ásamt því að samstarfsaðilar okkar í CCEP gáfu vörur í básinn. Við gáfum nýnemum popp og kók, auk þess sem að við seldum HR peysur. Við vorum þar að kynna okkar starfsemi ásamt því að öll nemendafélögin höfðu eigin bása til þess að kynna sína starfsemi. Við gáfum út nýnemabækling SFHR þar sem starfsemi okkar og undirnefnda var kynnt og helstu upplýsingar um okkar miðla, viðburðadagskrá og hvernig best væri að ná á okkur. Dagurinn heppnaðist vel, gríðarlegt magn nemenda skráðu sig í nemendafélögin ásamt því að nemendur sýndu nýnemadjamminu mikinn áhuga og ætluðu sér að mæta.



Nýnemadjamm 16. ágúst

Við höldum nýnemadjamm á Auto fyrir alla nýja nemendur HR ásamt stjórnun nemendafélaganna. Við buðum upp á veitingar í fljótandi formi og höldum uppi mjög góðri stemningu. Jói P og Króli trylltu liðinn og var staðurinn orðinn stútfullur fyrir klukkan 22:00. Jafn fúlt og það var vorum við mjög sátt, en það sýndi að nemendurnir voru mjög spenntir fyrir því að taka þátt í félagslífinu og gaf það mikið drif til þess að halda uppi góðu félagslífi.




HR vs. HÍ á Októberfest 6. september



HR vs. HÍ keppnin var haldin í fyrsta skiptið á Októberfest SHÍ. Góður hópur HR-inga kepptu í alls konar þrautum í sérmerktum peysum frá SFHR. Til að þessa þennan viðburð voru samfélagsmiðlar mikið notaðir dagana fram að keppninni. Vínalegt grín var á milli SFHR og SHÍ sem við deildum á Instagram og TikTok og bjó það til smá stemmingu fyrir keppninni. Keppt var í þrautum eins og reiptogi og bjórhlaupi en SHÍ átti sigurinn þetta árið.

Ólympíuleikar 16.-20. september

Ólympíuleikunum var breytt töluvert þetta árið frá því í fyrra. Ólympíuleikarnir í fyrra voru haldnir í lok janúar og voru "Vetrar ólympíuleikar", en í ár var vikan haldin í byrjun skólaárs eða vikuna 16.-20. September. Vikan snýst um það að nemendur keppa í ýmsum þrautum fyrir sitt nemendafélag. Í öllum hádegishléum voru nemendafélögin að etja kappi við það að safna stigum í kladdann. Keppnirnar voru mjög fjölbreyttar og skemmtilegar þetta árið, þær voru limbó, stinger, reipitog með Mjölni, boxvélakeppni með Thugfather, en hvert nemendafélag hélt utan um eina keppni. Á fimmtudagskvöldinu var svo haldið fyrsta fótboldamót SFHR, milli nemendafélaga sem gekk eins og í sögu og skemmtu nemendur sér. Á föstudeginum var síðasta keppnin í umsjón nemendafélaganna haldin og réðust svo úrslitin seinna um kvöldið í partýinu. Mikil stemning var í sólinni þessa vikuna og var þátttakan góð hjá nemendum.



Ólympíuleikapartý SFHR 20. september

Á föstudeginum var Ólympíuleikapartý SFHR, sem haldið var í keiluhöllinni Egilshöll. Stemningin var mikil og var salurinn fullur af um 500 nemendum. Boðið var upp á frían bjór og Sommersby á dælu. Fólk gat spilað keilu í boði SFHR og fleira áður en keppnirnar byrjuðu. Í partýinu var keppt í keilu, chuggi og bjórhlaupi. Tvíund sigraði Ólympíuleikana þetta árið. Það vantaði ekki stemningu í partýið en þeir sem að héldu henni uppi voru DJ SNICE og Frikki Dór. Í lok kvöldsins biðu rútur úti fyrir nemendur til að skutla þeim beint á AUTO.



Bleiki dagurinn 23. október

Við höldum hátíðlega upp á Bleika daginn yfir þrjá daga. Við fengum varninga frá hinum ýmsu fyrirtækjum til þess að gera daginn enn betri. Á fyrsta deginum buðum við upp á bleikt Happy Hydrate og bleikt Bear ávaxtanammi. Á degi tvö buðum við upp á heitar vöfflur með bleikum rjóma frá MS og bleikt töst frá Steindal og sló það í gegn. Einnig komu fulltrúar frá Krabbameinsfélaginu að selja varning Bleiku Slaufunnar. Á þriðja degi, bleika deginum sjálfum, buðu við upp á heitt kakó með bleikum rjóma og risa bleika súkkulaðiköku. Einnig var hægt að styrkja Bleiku Slaufuna með því að snúa hjólinu og voru veglegir vinningar í boði, til dæmis bleikur Monster frá CCEP og alls konar gjafabréf. Síðan var einnig keppni um bleikustu HR-ingana þar sem þeir nemendur sem klæddust flottasta bleika klæðaburðinum unnu vinning. Dagarnir heppnuðust ótrúlega vel og var stútfullt að gera í Sólinni þessa þrjá daga og löbbuðu allir frá sáttir og saddir. Við viljum sérstaklega þakka móttökunni og Málinu fyrir hjálpina.




Jólapeysudagur 9. desember

Við höldum jóladag þar sem við hvöttum alla nemendur til þess að mæta í jólapeysum í Sólina. Við buðum upp á heitt kakó og svo keyptum piparkökur með. Kveikt var á góðri jólatónlist og nemendur voru ánægðir að kíkja á okkur í kósý stemmningu. Einnig var keppni um bestu jólapeysa, þar sem vinningur var gefin fyrir.

Back to School 24. janúar

Við höldum Back to School party fyrir alla nemendur á Auto þar sem DJ Bjarni K sá um að þeyta skífum og Háski kom svo og hélt uppi stuðinu. Við náðum að fylla Auto enn og aftur og heppnaðist kvöldið ótrúlega vel.

Árshátíð SFHR 15. febrúar



Árshátíð SFHR var haldin 15. febrúar í N1-höllinni þar sem 1.200 nemendur komu saman við borðhald og tónleika. Mikill metnaður fór í undirbúning og kynningu árshátíðarinnar. Í

árshátíðarnefnd sátu þær Agnes Helga Gísladóttir, Díana Svava Arnarsdóttir og Tinna María Þorleifsdóttir. **BÆTA VIÐ UM TIKTOK OG ÁRSHÁTÍÐARVIKUNA**

Árshátíðin sjálf var svo haldin í N1-höllinni þann 15. febrúar og var þemað Grímuball. Borðhald var borið fram í salnum og sáu Nomy veislupjónusta um matinn. Boðið var upp á forréttarbakka með úrvali af forréttum og í aðalrétt var nautalund, lamb og kalkúnabringa með veglegu meðlæti. Aron Mola og Arnar Þór sáu um að veislustýra yfir borðhaldi og slógu þeir rækilega í gegn. Veislustjórnarni héldu utan um fyrstu SFHR-laugin og sló hún rækilega í gegn. Framlög nemendafélaga í HR Musical voru sýnd yfir matnum. Seinna um kvöldið var blásið til stórtónleika, þar komu fram DJ Dóra Júlía, 12:00, Kristmundur Axel, Stebbi Hilmars, Friðrik Dór, Herra Hnetusmjör, FM95blö og Sverrir Bergmann. Árshátíðin heppnaðist gríðalega vel og einstaklega þægilegt að vinna með fagfólkinu sem starfar í Val.

HR Musical



Síðan 2010 hefur HR Musical verið haldið á Árshátíð SFHR þar sem hvert nemendafélag gefur út lag og myndband. Vel valin dómnefnd krýnir besta framlagið. Nemendafélögin leggja mikla vinnu í verkefnið á hverju ári og þurfa þau að fara eftir ákveðnum reglum og viðmiðum svo keppnin sé sanngjörn. Dómnefndin þetta árið var: Ragnhildur Helgadóttir rektor HR, Aron Már, Arnar Þór og Nói Jón Marinóson. Þátttaka í ár var frábær þar sem öll nemendafélög að undanskildu Technis tóku þátt. Tvíund sigraði í ár með lagið "Fell fyrir þér". Pragma var í öðru sæti og Lögrétta í þriðja.

Stjórnarstefnumótanir

Haldnar voru 2 stjórnarstefnumótanir á árinu fyrir allar stjórnir nemendafélaga, undirnefndir SFHR og stjórn SFHR. Þetta er mikilvægur partur fyrir starfsemi þeirra sem sjá um félagslíf og hagsmuni nemenda í skólanum þar sem þetta er vettvangur til þess að kynnst og skiptast á hugmyndum.

Gjafaleikir

Við höldum litla gjafaleiki í tengslum við minni viðburðina okkar, við gáfum vinninga á bæði bleika deginum og jólapeysudeginum. Það tókst vel til en nemendur þurftu að tilnefna sigurvegara með því að senda okkur á Instagram mynd af þeim sem þeim þóttu flottust til faranna í tilefni daganna.

Kosningarvika

Víkuna 5. – 9. maí var framboðsvika HR. Þar reyndu frambjóðendur að næla sér í atkvæði á alls kyns hátt. Þó helst eru það framboðin í SFHR sem eru með mikið um að vera í sólinni þessa vikuna. Boðið var upp á pizzu frá Dominos, drykki frá Ölgerðinni, snakk og einnig var lukkuhjól á staðnum einn daginn. Núverandi stjórn SFHR stóð fyrir pallborðsumræðum í sólinni í hádeginu 6. maí, þar komu allir sjö frambjóðendur til stjórnar SFHR fram og fengu fyrst mínútu til að kynna sig og svöruðu síðan spurningum stjórnar SFHR og nemenda HR.

Kjörsókn ársins var lægri en hún hefur verið síðustu ár. Kjörsókn í SFHR var hærri frá því í fyrra en lægri frá því hitt í fyrra. Kjörsókn í nemendafélögin var lægri fyrir öll félög í ár heldur en hefur verið síðustu tvö ár.

- Kjörsókn í SFHR og Háskólablaðið var 691 manns eða 19% nemenda.
- Kjörsókn í Atlas var 10 kjósendur eða 25% meðlima.
- Kjörsókn í Lögréttu var 56 kjósendur eða 35% meðlima.
- Kjörsókn í Markaðsráð var 85 manns eða 33% meðlima.
- Kjörsókn í Mentis var 36 manns eða 31% meðlima.
- Kjörsókn í Pragma var 150 manns eða 31% meðlima.
- Kjörsókn í Technis var 36 manns eða 10% meðlima.
- Kjörsókn í Tvíund var 83 manns eða 24% meðlima.

Aðrar upptökur

Landsþing LÍS



Landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS), hefur verið haldið einu sinni á ári síðan félagið var stofnað. Á Landsþingum koma saman fulltrúar frá öllum aðildarfélögum yfir heila helgi og unnin er mikilvæg vinna fyrir innra sem ytra starf LÍS. Þannig stuðla samtökin að eflingu háskólasamfélags.

Við frá SFHR áttum rétt á 8 þingsætum á landsþingi Landssamtaka íslenskra stúdenta, sem haldið var 6. - 9. apríl 2024. Fjórir fulltrúar mættu. Þingið var haldið á Hvanneyri. Eftir góðar viðtökur á Hvanneyri á fimmtudeginum hófst dagskráin á föstudeginum með ávörpum frá forseta LÍS og Loga Einarssyni menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra.

Við tókum vinnustofur, erindi og umræður um málefni stúdenta ásamt umræðu um innra starf LÍS. Þinginu lauk með kosningu til framkvæmdastjórnar LÍS. Þrátt fyrir mikla seiglu í fundarhöldum var mikið hópefli og skemmtun á kvöldin með öðrum fulltrúum þingsins sem eru einnig í forsvari fyrir stúdenta frá öðrum skólum. Á heildina litið heppnaðist þingið mjög vel og þingfulltrúar frá SFHR komu reynslunni ríkari heim.

Þingfulltrúar SFHR 2025:

- ✧ Ástþór Ingi Runólfsson, nefndarfulltrúi SFHR
- ✧ María Líf, markaðsfulltrúi SFHR
- ✧ Rakel Sigmarsdóttir, hagsmunafulltrúi SFHR
- ✧ Aron Kristinn Ágústsson, fjármálastjóri SFHR

- ☒ Kara Kristín Blöndal, varaforseti SFHR
- ☒ Ebba Kristín Yngvadóttir, samskiptafulltrúi SFHR
- ☒ Magnús Már Gunnlaugsson, forseti SFHR

Októberfest

SHÍ hélt sína árlegu Októberfest helgina 7. - 10. september og hjálpuðum við í stjórninni til með miðasölu hennar. Þetta var skemmtileg samstarf við HÍ og alltaf er gott að efla samstarf milli háskólanna. Við sáum um að auglýsa viðburðinn innan HR.

Aprés-ski

Það má segja að nemendur HR hafi tekið yfir Akureyri helgina 28. febrúar-2. mars og var SFHR með í stuðinu. Flest nemendafélögin voru með sína árlegu skíðaferð þá og á laugardeginum átti að vera Aprés-ski í fjallinu en vegna vonds veðurs var fjallið ekki opið þannig að stemningin var færð yfir á Vamos og Götubarinn. Á Vamos komu fram Herra Hnetusmjör og DJ Sniceland, og á götubarnum komu fram Saint Pete og DJ EISI.

Sjallaball

Í fyrsta sinn sá SFHR um að halda Sjallaball á föstudeginum fyrir alla nemendur HR sem og læknanema HÍ. Á viðburðinum kom Alles ókei fram í samstarfi við Ágúst Þór Brynjarsson og Nussun. Miðasala var á þennan viðburð, nemendur sem stunda nám við HR fengu miða á 3.500 kr á meðan nemendur við HÍ fengu miðann á 5.000 kr. Þessi viðburður gekk eins og í sögu og verður þetta eflaust gert aftur á næsta ári.

Samstarfsaðilar SFHR

CCEP

SFHR skrifaði undir nýjan samning við CCEP sem varð til þess að CCEP veitti nemendum háskólans gos drykki og orkudrykki í gegnum skólaárið gegn auglýsingum.

NOVA

SFHR hélt áfram samstarf við Nova á starfsárinu. Nova veitti félagsmönnum SFHR afslætti og tilboð, á móti auglýsir félagið sérvalið efni fyrir Nova. Allir nemendur fengu SFHR skírteini í Nova appið, sem heldur utan um alla afslætti nemenda.

Dominos

SFHR skrifaði undir áframhaldandi samstarfssamning við Dominos haustönn 2024. Samningurinn var nýttur eins og áætlað var og kom hann sér vel á ýmsum viðburðum og þegar SFHR gaf pizzur á víð og dreif um skólaárið.

Orkusalan

SFHR skrifaði undir áframhaldandi samstarfssamning við Orkusöluna. Orkusalan greiddi fyrir auglýsingar á miðlum SFHR. Orkusalan gaf SFHR einnig buff og popp fyrir skíðaferðina sem haldin var á Akureyri.

Viska stéttarfélag

SFHR skrifaði undir nýjan samstarfssamning við Visku þar sem samstarfið fól í sér margvíslega þátttöku Visku svo sem vísindaferðir, auglýsingar á útgefnu efni og samstarf á nýnemadögum. Viska hélt einnig í samstarfi við SFHR stefnumótunarfund fyrir nemendafélögin.

Mjölnir

SFHR skrifaði undir nýjan samstarfssamning við Mjölni þar sem þau veittu SFHR rekstrarstyrk gagnvart auglýsingum á miðlum SFHR. Mjölnir tók m.a. virkan þátt í Ólympíuvíkunni og bauð einnig upp á fríar háskólaæfingar fyrir nemendur í HR.

Nick's

SFHR skrifaði undir nýjan samstarfssamning við Nick's þar sem þau veittu SFHR rekstrarstyrk gagnvart auglýsingum ásamt því að gefa varning sem SFHR dreifði um skólann.

IcePharma (Natracare)

SFHR skrifaði með stolti undir nýjan samstarfssamning við IcePharma þar sem þau veittu nemendum SFHR tíðavörur frá Natracare sem stuðla að hreinum og endurvinnanlegum tíðavörum. IcePharma veitti SFHR einnig rekstrarstyrk gagnvart auglýsingum á miðlum SFHR.

Red Bull

SFHR skrifaði undir samstarf við Red Bull sem varð til þess að Red Bull gaf nemendum háskólans drykki nokkrum sinnum yfir skólaárið gegn auglýsingu. Einnig hjálpaði Red Bull okkur að halda viðburð upp í skíðaferðinni þegar nemendafélögin fóru til Akureyrar.

Auto Nightclub

SFHR skrifaði undir áframhaldandi samstarfssamning við Auto Nightclub þar sem nemendur HR fengu að mæta nokkra föstudaga fyrir almennan opnunartíma og hafa staðinn fyrir sig ásamt því að fá sérstakt tilboð af drykkjarseðill.

Nespresso

SFHR skrifaði undir nýjan samstarfssamning við Nespresso þar sem þau gáfu SFHR kaffivélar og kaffi gagnvart auglýsingu á miðlum SFHR.

Samskiptamál

Stjórn SFHR hélt áfram að vera virk í upplýsingagjöf og nýttu sér samfélagsmiðla til þess. Lögð var áhersla á að allar upplýsingar yrðu aðgengilegar nemendum á samfélagsmiðlum og að það væri auðvelt að hafa samband við okkur með skilaboðum á samfélagsmiðlum.

Instagram

Stúdentafélagið var mjög virkt á Instagram og notuðum við það sem aðal miðilinn okkar. Þar auglýstum við allt sem við kom stúdentum HR, upplýsingum um viðburði, lífið í HR, myndum af viðburðum innan skólans, afslætti og kjör fyrir nemendur og margt fleira. Notast var bæði við pósta á Instagram, Instagram reels og Instagram story. Lagt var áherslu á að allt efni sem færi á Instagram væri vel unnið og flott í útliti. Instagram reels reyndist vera allra besta leiðin til þess að fá efnið okkar á flug en við náðum til að mynda um 16.000 áhorfum á kynningarmyndbandið okkar fyrir árshátíðina og um 8.000 áhorfum á myndbandið okkar eftir Ólympíuvíkuna. Við hvetjum því næstu stjórnir til þess að vera enn virkari í þess háttar póstum þar sem meðal áhorf á Instagram reels voru um 10.000.

Facebook

Vegna óhjákvæmilegra tæknaðstæðna fyrir um tveimur skólaárum er Facebook síðan ekki virk. Einstaka póstar rata þó inn frá Instagram en við getum ekki skoðað skilaboð eða stjórnað. Við teljum þó að það sé ekki mikill missir þar sem lítil prósentu nemenda notar Facebook til þess að sækja sér upplýsinga og meirihlutinn notar Instagram í dag.

TikTok

TikTok aðgangurinn var virkjaður meira en áður og mikið notaður til að auglýsa viðburði, sérstaklega árshátíðina. Einnig voru gerðar auglýsingar fyrir samstarfsaðila okkar eins og Nova, NatraCare og Hvammsvík. Áhorf voru samtals um 88.000.

Heimasíða

Heimasíðunni var lítið breytt þetta skólaárið þar sem stutt er síðan hún var tekin í gegn og vorum við mjög sátt með skýrleika og einfaldleika hennar. Hún er enn góður staður til þess að miðla mikilvægum upplýsingum og fræðsluefni. Einnig nýttu nemendur sér hlekkinn til að senda inn ábendingar í gegnum heimasíðuna.

Tölvupóstur

Tölvupóstur í gegn um netfang Stúdentafélagsins, studentafelag@ru.is, er eitt mikilvægasta upplýsingatöl sem við höfum til þess að eiga samskipti við nemendur. Margir tölvupóstar bárust frá nemendum og var þeim svarað eins fljótt og auðið var. Þar var tekið á móti hinum ýmsu vangaveltum, hagsmunaárekstrum, tilboðum og margt fleira.

Bæklingar



Í ár gaf SFHR út nýnemabækling á nýnemadögum í annað sinn. Bæklingurinn var gefinn út á íslensku og ensku til að ná til skiptinemanna með það markmið að kynna starfsemi og hlutverk SFHR ásamt því að kynna nemendafélögin. Í honum leyndust fullt af fróðleik um viðburði, viðburðadagskrá og fleira. Einnig var gefinn út árshátíðarbæklingur í árshátíðarvikunni þar sem helstu upplýsingar um árshátíðina komu fram ásamt drykkjuleik, heitt og kalt, ávarp frá stjórninni og margt fleira.

Kosningar og kjörstjórn

Kosningar í embætti stjórnar SFHR og aðildarfélaga fóru fram 6. – 9. maí 2025. Kjörstjórn árið 2025 skipuðu

- Magnús Már Gunnlaugsson (SFHR)
- Kara Kristín Blöndal Haraldsdóttir (SFHR)
- Aron Kristinn Ágústsson (SFHR)
- Rakel Sigmarsdóttir (SFHR)
- Ebba María Yngvadóttir (SFHR)
- María Líf (SFHR)
- Ástþór Ingi Runólfsson (SFHR)

Niðurstöður

Kjörin stjórn SFHR 2025-2026

- Forseti – Særún Björk Jónasdóttir
- Varaforseti – Kristján Pétur Barðason
- Fjármálastjóri – Kristinn Halldórsson
- Hagsmunafulltrúi – Valgerður Eyja Eypórsdóttir
- Markaðsfulltrúi – Agnes Helga Gísladóttir
- Samskiptafulltrúi – Rúnar Gauti Gunnarsson
- Nefndarfulltrúi – Orri Thor Eggertsson